

**9. fundur stjórnar Siðmenntar,
fjarfundur haldinn fimmtudaginn 29. september klukkan 16:30-19:00**

Mætt á fjarfund voru; Inga Auðbjörg Straumland formaður, Sigurður Rúnarsson, Guðjón Sigurbjartsson, Hope Knúttsson og Kristín Sævarsdóttir auk Sigprúðar Guðmundsdóttur framkvæmdastýru sem ritaði fundargerð. Mörður Árnason, Stefán Rafn Sigurbjörnsson, Kristín Helga Schiöth og Sveinn Atli Gunnarsson boðuðu forföll.

Dagskrá / fundargerð

1. Skýrsla framkvæmdastýru

- a) **húsnæðismál;** skrifstofan er flutt á Laugaveg 178 og verður næsti fundur stjórnar boðaður þar
- b) **fjármál;** framkvæmdastýra endurskoðar rekstraráætlun út árið og gerir áætlun fyrir næsta ár
- c) **borgaraleg ferming;** 571 barn er skráð í borgaralega fermingu, verkefnastýra vinnur að því að bæta við helgi fyrir fermingarfræðslu á Úlfjótuvatni. Samþykkt að bjóða Kolbrúnu Ósk Pétursdóttir tímabundið starf við faglega umsjón borgaralegar fermingar
- d) **borgaralegar athafnir;** 505 athafnir skráðar það sem af er árs, 445 þeirra hafa verið framkvæmdar
- e) **stjórnarfundir;** framkvæmdastýra og formaður hittast vikulega, fundarboð verður sent út viku fyrir fund með rými fyrir viðbætur stjórnarfólks, fundargerðir birtast skv. ákvörðun stjórnar á heimasíðu, trúnaðarmál skráð í trúnaðarbók, stjórn fær sendar fréttir í föstudagspósti vikuna sem ekki er fundað

2. Skráning; skráning stjórnar, framkvæmdastjóra og raunverulegra eigenda eru rangar í Fyrirtækjaskrá, stjórn fær skjöl til undirritunar á næsta staðfundi

3. Markaðsmál; kallað eftir áhugasömum úr stjórn í markaðshóp, áhugi er innan athafnastjóraráðs og rætt að fá inn í umræðu fulltrúa fermingabarnaforeldra og hins almenna félagsmanns. Ákveðið að framkvæmdastýra haldi áfram utan um málið.

4. Önnur mál

- a) bent á að erlendum hjónaefnum finnist þau stundum fá rukkun of seint í ferlinu, framkvæmdastýra kannar málið
- b) formaður reifar hugmynd um hátíðahöld í desember í tilefni af vetrarsólstöðum, ákveðið að öll leggi höfuð í bleyti en að framkvæmdastýra haldi utan um málið
- c) formaður reifar hugmynd um ráðgjöf/þjónustu við fólk sem ekki er sátt við aðkomu trúfélaga að sínum málum eða barna sinna

5. **Athafnaráð mætir á fund;** úr athafnaráði mæta Arnar Snæberg Jónsson nýkjörinn formaður og Anna Brynja Baldursdóttir auk Tinnu Jóhannsdóttur starfsmanni. Stutt kynning á ráðinu, verklaginu og verkefnum framundan. Rætt um athafnastjórnun, fjárhagsáætlun kynnt og ráðið beðið um að leita leiða til að minnka kostnað. Stjórnarfolk hvatt til að láta framkvæmdastýru vita hyggist það mæta.

Fleira ekki gert og fundi slitið.